

Lögmannablaðið



- **Einyrki á undanhaldi?**
- **Sameinaður einyrki**
- **Hagsmunaárekstrar**
- **Breytingar á sviði vinnuréttar**
- **Lögmannavaktin**
- **Breytingar á félagatali**

11. árgangur
Mars
1/2005





SPARAÐU TÍMA

MEÐ AÐGANGI AÐ HÆSTARÉTTARDÓMUM OG LAGASAFNI

HÆSTARÉTTARDÓMAR

Lánstraust hf. hefur skráð á tölvutækt form alla hæstaréttardóma frá 1958 og eru þeir aðgengilegir á www.lt.is.

Hæstaréttardómunum fylgja einnig þeir héraðsdómar sem áfrýjað var.

Öflug leitarvél er tengd dómasafninu og er mögulegt er að leita eftir ýmsum leitarskilyrðum í senn.

Einnig er hægt að finna alla dóma sem t.d. varða tiltekna lagagrein eða reglugerð.

LAGASAFN

Lagasafnið er gefið út á geisladiski tvisvar á ári og er það uppfært í samræmi við breytingar á löggjöf.

Allar nánari upplýsingar, adgangur@lt.is eða 550-9600.

L Á N S T R A U S T H F.

Lögmannablaðið

LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS:
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími (tel.): 568-5620
Bréfsími (fax): 568-70567
Tölvupóstur: (E-mail):
lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

STJÓRN LMFÍ
Gunnar Jónsson hdl.,
formaður
Ragnheiður Bragadóttir hdl.,
varaformaður
Ólafur Rafnsson hdl.,
gjaldkeri
Helga Melkorka Óttarsdóttir hdl.,
ritari
Jóhannes Albert Sævarsson hdl.,
meðstjórnandi

STARFSFÓLK LMFÍ:
Ingimar Ingason
framkvæmdastjóri
Eyrún Ingadóttir
félagsdeild
Guðný Gísladóttir
ritari

Blaðið er sent öllum
félagsmönnum.
Arsáskrift
fyrir utanfélagsmenn
kr. 1.500 + vsk.
Verð pr. tölublað
kr. 400 + vsk.
ISSN 1670-2689

NETFANG RITSTJÓRNAR:
ritstjori@lmfi.is

PRENTVINNSLA:
Gutenberg

UMSJÓN AUGLÝSINGA:
Öflun ehf.,
sími 533 4440

- 4** GUÐRÚN BJÖRG BIRGISDÓTTIR:
Frá ritstjórn.
- 6** INGIMAR INGASON:
Breytingar á félagatali nýliðins starfsárs.
- 9** EINYRKI Á UNÐANHALDI?
Hringborðsumræður um lögmannsstofur.
- 14** BERGLIND SVAVARSDÓTTIR:
Sameinaður einyrki.
- 16** GUNNAR JÓNSSON:
Pistill formanns.
- 18** BJÖRG THORARENSEN:
Námskeið um kæruskilyrði og málsmeðferð fyrir
Mannréttindadómstól Evrópu.
- 20** HELGI JÓHANNESSEN:
Hagsmunaárekstrar.
- 23** LÖGMANNAVAKTIN — sjálfboðastarf lögmannna!
- 24** Af Merði lögmanni
- 25** HRAFNHILDUR STEFÁNSDÓTTIR:
Breytingar á sviði vinnuréttar.
- 28** EYRÚN INGADÓTTIR:
Fréttir frá félagsdeild.
- 29** GUÐJÓN VIÐAR VALDIMARSSON:
Ábyrgð lögmannna og vistun rafrænna trúnaðarupplýsinga.
- 30** Keilumót lögmannna og endurskoðenda.

Forsíðumynd: Sigrún V. Magnúsdóttir.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðrún Björg Birgisdóttir hdl.

Ritnefnd: Daði Bjarnason hdl., Hrafnhildur Stefánsdóttir hdl.,
Einar B. Árnason hdl., Guðfinna J. Guðmundsdóttir hdl. og
Gylfi Thorlacius hdl.



FRÁ RITSTJÓRN

Það vakti athygli ritstjórans að á Alþingi var nýlega lögð fram þingsályktunartillaga um frjálsgri klæðnað alþingismanna í þingsal og um ávarpsvenjur.

Athyglisvert er að skoða greinargerðina sem fylgdi þessu „þjóðþrifamáli“. Af henni má ráða að eini tilgangurinn með tillögunni sé sá að þingmönnum verði gert „...kleift að klæðast alþýðlega í þingsal og um leið að færa venjur um klæðnað þingmanna til nútímalegra horfs.“ Til frekari skýringa er svo greint frá því að á danska þinginu „...séu venjur og hefðir hvað þetta varðar með nútímalegri hætti.“

Af lestri greinargerðarinnar verður ekki annað ráðið en flutningsmennirnir telji að núverandi klæðnaður þingmanna sé bæði óalþýðulegur og gamaldags, að auki séu íslensku þingmennirnir púkalegir miðað við danska starfsbræður sína. Eða hvað? Í greinargerðinni er hvergi vikið að því hvaða reglur eru í gildi varðandi klæðnað þingmanna né útskýrt hvað megi teljast alþýðlegur og nútímalegur klæðnaður eða hvaða nútímalegu hefðir og venjur gildi á danska þinginu. Hefði verið forvitnilegt að sjá nánari útskýringar og rökstuðning með tillögunni.

Þá telja flutningsmenn tillögunnar að ræðutími þingmanna muni nýtast mun betur með því að leggja af þann sið að ávarpa ráðherra og aðra þingmenn með orðunum; „Háttvirtur“, „Hæstvirtur“.



**Guðrún Björg
Birgisdóttir**
hdl.

Vonar ritstjórinn að lögmenn fari ekki að krefjast breytinga í sömu átt í málflutningi fyrir dómstólum.

Meðal efnis í blaðinu er grein eftir Helga Jóhannesson hrl. um hagsmunaárekstur og trúverðugleika lögmanna. Grein þessi er tímabær þar sem svo virðist sem aðrir aðilar en lögmenn séu í

auknum mæli farnir að teygja sig lengra inn á hagsmunagæslu fyrir þriðja aðila. Hættan hér er sú að með slíkri hagsmunagæslu telji viðskiptavinur sig vera að kaupa lögmansþjónustu með þeirri ábyrgð sem fylgir skv. lögum um lögmenn og siðareglum lögmanna eða að viðkomandi aðili sé sérfræðingur á því sviði sem hann gefur sig út fyrir að vera. Raunin er auðvitað allt önnur.

Ritnefnd stóð nýlega fyrir hringborðsumræðum með fjórum lögmönnum um breytingar sem eru að verða á rekstrarformi lögmansstofa og framtíð einyrkjans. Um þær umræður er fjallað í blaðinu og er stefnt að því að halda frekari hringborðsumræður um hugðarefni lögmanna í framtíðinni.

Hjá félaginu eru tveir viðburðir framundan, aðalfundur þann 11. mars og svo árshátíðin þann 12. mars. Eru félagsmenn hvattir til þess að fjölmenna á hvoru tveggja enda hefur mæting á aðalfund verið dræm fram að þessu. Ritstjóri vonast til þess að lögmenn sjái sér fært að mæta og haldi sig við þann óalþýðlega og gamaldags klæðaburð sem sumum þingmönnum finnst íþyngjandi við störf sín.

„Legalis lögmannsstofa hefur notað Kerfisleigu Skýrr í rúm þrjú ár og sparað umtalsverðar fjárfestingar í tölvubúnaði. Einnig sér Skýrr um rekstur á tölvukerfi og hýsingu gagna Legalis í öruggu umhverfi. Fyrirkomulagið hentar okkur afskaplega vel og ekki spillir að hafa aðgang að vinnuumhverfinu heiman frá. Þetta var góð ákvörðun sem hefur skilað okkur miklu.“

Sigurbjörn Magnússon,
hæstaréttarlögmaður
Legalis lögmannsstofu



Hinnis og haf - SIA

kerfisleiga skýrr

Góður dómur

Kerfisleiga (ASP) gerir fyrirtækjum kleift að ná niður kostnaði við notkun upplýsingatækni. Með Kerfisleigu Skýrr fá viðskiptavinir aðgang að eigin vinnuumhverfi (desktop), gögnum og hugbúnaði gegnum öruggt umhverfi, sem er hýst og vaktað á miðlægum búnaði hjá Skýrr allan sólarhringinn.

Kerfisleiga Skýrr býður þjónustu gegn föstum mánaðargreiðslum. Fyrirtæki þurfa því ekki að leggja út í viðamiklar fjárfestingar í vélbúnaði í upphafi og fjárfreks reksturs á honum í kjölfarið. Mögulegt er að reka nær allan Windows-hugbúnað og flestar tegundir fjárhags- og mannauðskerfa.

Skýrr hefur áratuga reynslu af kerfisleigu. Fyrirtækið uppfyllir ströngustu kröfur um hagkvæmni, afköst, áreiðanleika, fyrsta flokks þjónustu og öryggi.



Skýrr er eitt sterkasta fyrirtæki landsins á sviði upplýsingatækni, með 200 starfsmenn og 2.200 kröfuharða viðskiptavinir. Skýrr býður fjölbreyttar lausnir og þjónustu og er vottað samkvæmt alþjóðlega gæðastaðlinum ISO 9001.

Sími 569 5100 | skýrr.is

Breytingar á félagatali nýliðins starfsárs

(tölur innan sviga eru frá fyrra starfsári).

Nýir félagsmenn frá síðasta aðalfundi eru samtals 46 (50), þar af 12 (15) sem leystu til sín eldri málflutningsréttindi. Þá hafa 9 (4) félagsmenn öðlast réttindi til málflutnings fyrir Hæstarétti Íslands. Alls voru 23 (11) lögmenn teknir af félagaskránni.

Félagsmenn eru nú samtals 690 (667), eða 23 (39) fleiri en á síðasta aðalfundi. Héraðsdómslögmenn eru 468 (449) talsins og hæstaréttarlögmenn 222 (218). Alls eru 353 (347)




Ingimar Ingason


framkvæmdastjóri
LMFÍ

lögmenn sjálfstætt starfandi og 87 (85) lögmenn fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna. 209 (198) lögmenn starfa hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum, þar af 76 (76) hjá ríki eða sveitarfélögum og 133 (122) hjá fyrirtækjum og félagasamtökum (af þeim 49 (48) hjá bönkum og fjármálafyrirtækjum). Fjöldi lögmanna sem ekki stunda lögmennastörf sökum aldurs, sjúkleika eða af öðrum ástæðum eru 41 (37) talsins.

**Samsetning (%)
félagsmanna í
LMFÍ eftir því
hvar þeir starfa.**



**Fjölgun félags-
manna í Lög-
mannafélagi á
tímabilinu
1995-2005.**





Árni

Svavar

Sigurður

Hermann

Hrafn

Heimír

netsjá @ skýrr

Við vinnum hjá þér

Þarftu aðstoð við net- eða tölvukerfi fyrirtækisins til lengri eða skemmri tíma? Þarftu að geta leitað til sérfræðinga allan sólarhringinn? Viltu hagræða í rekstri og lækka kostnað við upplýsingatækni? Einbeittu þér að því sem þú gerir best og nýttu þér sérfræðikunnáttu tölvufólksins hjá Netsjá Skýrr til að sjá um tölvukerfið þitt.


Netsjá Skýrr er rekstrarþjónusta sem starfar á sviði útvistarar (*outsourcing*) upplýsingatækni. Netsjár-hópurinn er skipaður sérfræðingum á sviði Apple, Cisco, Microsoft og Novell. Þessi öflugri hópur fagfólks býr yfir umfangsmikilli þekkingu á uppsetningu og rekstri staðarneta og tölvukerfa fyrir fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum.

Nánari upplýsingar og tilboð: 569 5100 og skýrr.is



Skýrr er eitt sterkasta fyrirtæki landsins á sviði upplýsingatækni, með 200 starfsmenn og 2.200 kröfuharða viðskiptavinum. Skýrr býður fjölbreyttar lausnir og þjónustu og er vottað samkvæmt alþjóðlega gæðastaðlinum ISO 9001.


**Skipting (%) kvenkyns félags-
manna í LMFÍ eftir því hvar
þeir starfa.**



Af félagsmönnum eru 153 (147) konur, þar af eru 15 (16) hæstaréttarlögmenn. 53 (48) konur eru sjálfstætt starfandi og 32 (37) konur eru full-trúar sjálfstætt starfandi lögmanna. 68 (62) konur starfa

hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum, þar af 31 (27) hjá ríki eða sveitarfélögum og 37 (35) hjá fyrirtækjum og félagasamtökum (af þeim 15 (16) hjá bönkum og fjármálafyrirtækjum).

**Skipting (%) karlkyns félags-
manna í LMFÍ eftir því hvar
þeir starfa.**



Af félagsmönnum eru 537 (520) karlar, þar af eru 206 (202) hæstaréttarlögmenn. 300 (299) karlar eru sjálfstætt starfandi og 55 (48) starfa sem full-trúar sjálfstætt starfandi lögmanna. 141 (136)

karlar starfa hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum, þar af 45 (49) hjá ríki eða sveitarfélögum og 96 (87) hjá fyrirtækjum eða félagasamtökum (af þeim 34 (32) hjá bönkum og fjármálafyrirtækjum).

Breytingar á félagatali

Allar breytingar s.s. ný símanúmer, vefþing, aðsetur og fleira er uppfært á heimasíðu félagsins, www.lmfi.is

Ný málflutningsréttindi fyrir Héraðsdómi.

Íris Ösp Ingjaldsdóttir hdl.

Neytendasamtökin
Síðumúla 13
108 Reykjavík
Sími: 545-1205
Fax: 545-1212

Ívar Pálsson hdl.

Landslög
Hafnargötu 31/ Tryggvagötu 11
230 Keflavík / 101 Reykjavík
Sími: 421-1733 / 520-2900
Fax: 421-4733 / 520-2901

Guðrún Hulda Ólafsdóttir hdl.

Fasteignasalan Fasteign
Borgartúni 22
105 Reykjavík
Sími: 590-0800
Fax: 590-0808

Arnþrúður Þórarinsdóttir hdl.

Sýslumaðurinn í Hafnafirði
Bæjarhrauni 18
220 Hafnafirði
Sími: 565-2400
Fax 515-2402

Guðrún Hólmsteinsdóttir hdl.

Tollstjórinn í Reykjavík
Tryggvagötu 19

101 Reykjavík
Sími:560-0443
Fax: 562-5075

Óskar Rúnar Harðarson hdl.

Eignamiðlun
Síðumúla 21
108 Reykjavík
Sími: 588-9090
Fax: 568-7057

Höskuldur Þór Þórhallsson hdl.

Mörkin lögmennsstofa hf.
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík
Sími:414-4104
Fax: 414-4101

Kæruskilyrði og málsmeðferð fyrir Mannréttindadómstól Evrópu

Grand Hótel í Reykjavík föstudaginn 15. apríl

Dagskrá:

13.30:

Björg Thorarensen prófessor

Staða Mannréttindadómstólsins í ljósi fjölgunar aðildarríkja og málsmeðferðartími fyrir dómstólnum.



13.50:

Davíð Þór Björgvinsson dómari við Mannréttindadómstól Evrópu

Skipulag Mannréttindadómstólsins og megindrættir í réttarfarsreglum hans.



14.20:

John Hedigan dómari við Mannréttindadómstól Evrópu

Admissibility of Applications to the European Court of Human Rights.



15.00: Kaffihlé

15.20:

John Hedigan

Admissibility of Applications to the European Court of Human Rights (frh).

16.00:

Davíð Þór Björgvinsson

Málsmeðferð eftir að kæra er metin tæk til efnismeðferðar.

16.30: Umræður

17.00: Námskeiðslok

John Hedigan dómari við Mannréttindadómstól Evrópu.

Verð kr. 12.000 en fyrir félagla í félagsdeild kr. 10.000. – Þátttökutilkynningar berist til LMFÍ.

sinnt samkeppnisrétti í fimm ár þá er sú þekking sem hann hafði úrelt því reglurnar eru alltaf að breytast.

Helgi: Ég held að þetta sé rétt og tel að stóru lögmannsstofurnar séu að veita miklu betri og faglegru ráðgjöf til viðskiptavinarins. Það getur enginn einn lögmaður, þótt hann sé klár, vitað allt. Þegar ég byrjaði í lögmennsku var talið að lögmannsstofur gætu ekki verið stærri en fimm til sjö manna, það væri ekki hægt að stækka meira á Íslandi. Það var farið í gegnum þennan múr fyrir nokkru síðan og það hefur sýnt sig að það er hægt að reka lögmannsstofur eins og fyrirtæki.

Dögg: Ég held að það sé ekki hægt að fullyrða um það að stóru lögmannsstofurnar veiti betri og faglegru ráðgjöf án þess að ég vilji gera neitt lítið úr gæðum þeirrar þjónustu sem þessar stofur veita. En ég veit dæmi þess að á ákveðnum sviðum, t.d. á sviði fjölskylduréttar, eru sumar lögmannsstofurnar, stórar sem smáar sem lítið hafa sinnt því sviði, stundum að veita viðskiptavinum sínum beinlínis villandi upplýsingar um slík mál. En stóru lögmannsstofurnar geta auðvitað í krafti stærðar sinnar veitt viðskiptavinum sínum samfelldari þjónustu og það er oft á tíðum samfelld þjónusta sem fyrirtækin eru að leita að.

Guðrún: En geta lögmannsstofur orðið of stórar? Er eitthvert þak sem menn rekast á þegar lögmannsstofa er orðin of stór?

Þórður: Viðskiptavinur á rétt á því að vita fyrir hvern lögmaður eða stofa starfar. Sama lögmannsstofan mætir ekki sem sækjandi og verjandi í máli, það getur ekki gerst en ekki er hægt að útiloka að í slíkum tilfellum sé samkomulag um að fela það ákveðna mál öðrum lögmanni eða annari lögmannsstofu. Ég held líka að það skipti máli fyrir mörg fyrirtæki hver annast þau, að það sé einhver lögmaður sem beri ábyrgð gagnvart því, ekki heil stofa.

Gunnar: Þetta fer eftir eðli verkefnanna en ekki eftir því hvað stofan er stór. Fyrirtæki verða að passa sig á að verða ekki of háð einum viðskiptavini en það hefur oft gerst hjá einyrkjum. Svo framarlega sem einn viðskiptavinur standi ekki undir meira en 10% af tekjum stofunnar þá verður engin heimsendir þótt hann hverfi af vettvangi.

Dögg: Á endanum hlýtur þetta að vera val viðskiptavinarins. Stóru lögmannsstofurnar upplýsa viðskiptavini sína væntanlega um það að ef samkeppnisaðili er einnig viðskiptavinur hjá viðkom-

andi stofu. Síðan er það viðskiptavinarins að ákveða hvort hann treystir stofunni áfram fyrir hagsmunagæslunni eða kys að leita annað. Hins vegar er kannski meiri hætta hjá einyrkjum að verða of háðir einum viðskiptavini.



Guðrún

Guðrún: Veita stóru lögmannsstofurnar allhiða þjónustu?

Gunnar: Nei þær eru meira að þjónusta fyrirtæki.

Þórður: Ég velti fyrir mér hvort það verði einhver mismunur á þeim verkefnum sem annars vegar einyrkinn annast og hins vegar þeim sem stærri lögmannsstofurnar kljást við, þ.e.a.s. mismunandi þjónustu, en ég held að það sé enn í eðli lögmannsþjónustu á Íslandi að lögmenn kappkosti að veita allhiða þjónustu.

Gunnar: Ég tel að markaðurinn eigi eftir að þróast þannig að til verði ódýrari lögmannsstofur með minni yfirbyggingu. Þær geta þannig rukkað viðskiptavininn um lægra gjald en það þýðir ekki endilega lægri laun handa lögmanningnum.

Dögg: Þessi þróun er þegar byrjuð. Fámennari lögmannsstofur og einyrkjar sýnast vera með annað tímagjald en stóru stofurnar.

Helgi: Ég gæti eflaust haft fín laun heima í kjallaranum og rukkað viðskiptavini mína um mun lægra gjald. Það væri hins vegar ekki gaman að vinna þannig. Mannlegi þátturinn hefur mikið að segja og t.d. finnst mér miklu skemtilegra að vinna með fleira fólki heldur en einn!

Ímynd og endurgjald

Guðrún: Eru lögmenn með sanngjarnt endurgjald fyrir sína vinnu og eru stærri lögmannsstofur að rukka hærra gjald?

Þórður: Lögmenn, hvort sem þeir eru hjá stærri eða minni lögmannsstofum, þurfa að hafa áhyggjur af endurgjaldi fyrir sína þjónustu. Í alþjóðlegum samanburði erum við eftirbátar annarra á meðan t.d. bankastofnanir virðast standa erlendan samanburð að þessu leyti. Ég held að það sé líka mikilvægt fyrir viðskiptavini að þeir hafi það ávallt á tilfinningunni að kostnaður sé innan marka. Stórar

Ársfrátíð

LÖGMANNAFÉLAGS ÍSLANDS
verður haldin laugardaginn 12. mars
í Súlnasal Hótel Sögu, kl. 19:30



Heiðursgestur

Kristín Jóhannesdóttir
lögmaður.



Veislustjóri

Ingi Tryggvason
lögmaður.



Örn Arnason leikari
mun fara á kostum ásamt
Jónasi Þór undirleikara.

Að lokum mun hin frábæra hljómsveit

SÁLIN HANS JÓNS MÍNS

leika fyrir dansi!

Heimateitin verða haldin um borg og bæ.
Að venju verður boðið upp á léttar veitingar.

Miðaverð kr. 9.500

Pantið fyrir 9. mars!

lögmannsstofur þurfa að gæta að þessu að það skapist ekki tortryggni í þeirra garð þar sem kannski tíu fulltrúar sinna verkefnum.

Gunnar: Það þýðir ekkert fyrir lögmennt frekar en aðra að setja upp hvaða gjald sem er. Viðskiptavinurinn borgar ekki fyrir þjónustu sem hann ekki fær og hann á ekki viðskipti við þig aftur ef þetta er reynt. Það þarf að skila lausn sem er ekki dýrari heldur en sem nemur ávinningnum af því að framleiða hana. Þetta er ekkert öðruvísi en annar rekstur að þessu leyti.

Þórður: Eftir því sem stofurnar stækka því meira þarf tekjuflæðið að vera. Ef einyrkja gengur illa einn mánuðinn er mun einfaldara að draga saman seglin, einingin er mun sveigjanlegri.

Dögg: Hér má ekki heldur gleyma að endurgjald er eitt og tímafjöldi fyrir þá vinnu sem innt er af hendi er annað. Það er auðvitað matsatriði hvað er sanngjarnt endurgjald og það er augljóst að stóru stofurnar þurfa hærra tímagjald vegna meiri yfirbyggingar. Það sem maður er hins vegar stundum undrandi á er tímafjöldinn sem sagt er að farið hafi í tiltekið verk.



Helgi

Einstaklingar ná inn viðskiptum

Guðrún: Hvernig er markaðssetningu lögmannsþjónustu háttad? Leita viðskiptavinir til lögmannsstofanna eða einstaklinganna sem þar starfa?

Helgi: Einstaklingar innan lögmannsstofanna ná inn viðskiptum og beina þeim til þeirra sem eru hæfastir innan stofunnar. Mennt taka þessu ætíð mjög vel og eru t.d. ekki að gera kröfu um að ég djöflist í málum sem ég er ekki með sérþekkingu í.

Gunnar: Við hjá LOGOS höfum markaðssett okkur á nafni stofunnar fremur en á einstaklingunum og það er meðvitað stefna. Við finnum fyrir því að samkeppnisaðilar okkar hafa ekki farið sömu leið heldur hafa þeir haldið einstaklingum meira á lofti. Ég er ekki tilbúinn að segja hér og nú

að okkar aðferð sé betri en við höfum þó uppskorið það að menn þekkjja LOGOS en eru jafnvel að tengja einstaklinga sem eru á öðrum stofum við okkar stofu!

Dögg: Mín reynsla er sú að viðskiptavinur er að leita til lögmannsins frekar en stofunnar. Þetta skapar hins vegar ákveðið vandamál þegar eftirspurn eftir lögmanninum verður meiri en

framboðið, ef svo má að orði komast, því enginn hefur fleiri klukkustundir í sólarhringnum en 24. Þá auðvitað fá lögmennt sér samstarfsmenn og fela þeim að vinna mál eða einstaka þætti mála. Það getur síðan í einstaka tilvikum valdið óánægju viðskiptavinarins sem taldi sig hafa leitað eftir þjónustu þessa tiltekna lögmanns og stundum gengur illa að útskýra fyrir viðskiptavinunum að gæði vinnunnar séu þau sömu og að lögmaðurinn, sem leitað var til, beri ábyrgð á öllu saman.

Það er Bjartur í Sumarhúsum í öllum!

Guðrún: Nú stefna flestir fulltrúar að því að verða sjálfsætt starfandi lögmennt, sjáið þið einhverja breytingu í eigendafyrirkomulagi lögmannsstofa í framtíðinni?

Helgi: Það er orðinn raunhæfur kostur fyrir lögmann að vinna á lögmannsstofu, hann þarf ekki endilega að reka eigin stofu. Það er ennþá svolítið fast í mönnum að um leið og þeir eru komnir á lögmannsstofu þá verði þeir að verða eigendur.

Gunnar: Það er ákveðinn Bjartur í Sumarhúsum í öllum!

Helgi: Ég held að það verði mikill kostur þegar þetta hættir að vera svona mikið mál því það getur líka verið gott að geta hætt þegar maður vill.

Dögg: Ég er t.d. eini eigandi DP lögmannna og með mér starfa tveir lögmennt og tveir lögfræðingar sem samkvæmt reglum Lögmannafélagsins teljast þar með vera fulltrúar. Ég hef hins vegar gengið út frá því að eftir tiltekinn tíma verði þessir samstarfsmenn aðilar, sem þýðir að þeir þurfa að vera sjálfbærir í verkefnum, en fá á móti



hlutdeild í hagnaði lögmannsstofunnar. Ég held að með stækkun lögmannsstofanna séum við dálítið að nálgast þetta ameríska kerfi, þar sem hægt er að vinna sig upp í að verða aðili og síðan eigandi og þar með hafa eitthvað að selja þegar menn hætta í lögmennsku. Mér fannst sjálfri ógnvænlegt að vera einyrki og byggja upp fyrirtæki sem ég myndi loka eftir áratug eða áratugi. Það hlýtur að vera eftirsóknarvert að byggja upp fyrirtæki sem maður getur síðan selt þegar maður sjálfur vill hætta í lögmennsku. Hjá einyrkjanum fylgir öll viðskiptavildin einstaklingnum en ekki lögmannsstofunni sem hann þó strangt tiltekið er að reka. Þegar viðkomandi hættir störfum þá er hætta á því að kúnnahópurinn hverfi og einhverjir aðrir hirða hann. Þetta er mikil sóun.



Þórður

Gunnar: Það má einnig velta fyrir sér í þessum ýmsu gerðum lögmannsstofa hver beri ábyrgðina ef eitthvað fer úrskeiðis. Hvað gerist og hver ber ábyrgðina hjá stofu sem er með aðilafyrirkomulag eða hjá lögmönnum sem koma fram sem ein stofa útávið en eru hver með sinn rekstur? Getur verið að þegar eitthvað kemur upp á þá hafi lögmenn í þessum fyrirtækjum ekki þá stöðu sem markaðurinn taldi þá hafa?

Dögg: Þetta er mjög góður punktur. Ég hef verið að spyrja Lögmannafélagið um þetta vegna ábyrgðartryggingarinnar og finnst að félagið þurfi að skoða þetta. Mínir samstarfsmenn vilja eðlilega hafa svigrúm til að mega skrifa undir bréf í eigin nafni, ekki síst í málum viðskiptavina sem þeir hafa útvegað sjálfir. Þetta skil ég mjög vel því þetta eru í raun „þeirra viðskiptavinir“. En ég er aftur á móti eigandi stofunnar og ábyrgðartryggingin er á mínu nafni, eða réttara sagt í nafni einkahlutafélagsins sem ég á. Eins og ég hef skilið aðilafyrirkomulagið þá geta þeir sem þar eru skrifað t.d. bréf í eigin nafni og fá síðan hlutdeild í hagnaði. Ábyrgðartryggingin er eftir sem áður í nafni hlutafélagsins sem rekur stofuna.

Helgi: Ef það verður klúður hjá einum starfsmanni, hvort sem hann er eigandi, aðili eða fulltrúi, þá liggur ábyrgðin hjá fyrirtækinu.

Guðrún: eru flestir með ákveðnar reglur um hvernig beri að skipta tekjum milli aðila?

Dögg: Ég tel að ósætti um hvernig eigi að dreifa tekjum sprengi oft samstarf milli lögmanna.

Helgi: Þetta er meira mál hjá litlum eða meðalstórum lögmannsstofum og er ekki vandamál hjá stórum stofum. Menn fara frekar á taugum í litlu stofunum.

Gunnar: Það eru sveiflur í þessu hjá lögmönnum. Einn lögmaður þénar meira fyrir stofuna eitt árið og annar það næsta en til lengri tíma litið þá jafnast þetta út. Eitt árið eru lögmenn á sviði samkeppnisréttar mjög uppteknir og það næsta þeir sem eru á sviðið fjármálaréttar.

Áfram þörf fyrir einyrkjann!

Guðrún: Að lokum langar mig að spyrja hvort einyrkinn eigi sér framtíð í lögmannsstörfunum?

Þórður: Já, bæði sem sérfræðingar og ráðgjafar á einhverju ákveðnu og afmörkuðu sviði og eins þeir sem sinna almennum lögmannsstörfum.

Gunnar: Eins og annars staðar ræðst framboðið hér af eftirspurn. Svo lengi sem menn vilja skipta við minni stofur þá mun einyrkinn lifa. Þetta á ekki síst við um aðstoð við einstaklinga, s.s. í refsimálum.



Gunnar

Ég hef því trú á að einyrkjar muni áfram verða til í lögmennsku.

Dögg: Ég held að einyrkinn hverfi aldrei úr lögmennsku. Það verður þörf fyrir hann á tilteknum sviðum og kannski á tilteknum landsvæðum þar sem ekki er grundvöllur fyrir að reka stóra lögmannsstofu – en þróunin er án efa sú að stofurnar eiga eftir að stækka þannig að einyrkjunum mun hlutfallslega fækka.

Helgi: Það verða alltaf til lögmenn sem vilja vinna einir og eru bestir þannig. Það verða líka alltaf til lögmenn sem enginn annar vill vinna með... Einyrkinn á sér því örugglega framtíð.

EI

Sameinaður einyrki

Sem gömlum ritnefndarfulltrúa var mér bæði ljúft og skylt að skrifa eftirfarandi greinarkorn þegar þess var farið á leit við mig að segja frá reynslu minni sem lögmaður í einyrkjarekstri og sem lögmaður í sameiningarrekstri, kostum þess og göllum

Ég hóf lögmenntu árið 1997 og leigði mér skrifstofu út í bæ. Ætlaði bara að vera með opið hluta úr degi og vera nokkuð frjáls enda réði ég mér sjálf. Gæti verið heima þegar ég vildi og farið suður þegar mér hentaði o.s.frv. Sú hugsun reyndist hins vegar nokkuð skammsýn og ég áttaði mig fljótlega á að nú var ég komin með harðari húsbónda en nokkru sinni fyrr, þ.e. kúnnann. Fyrr en varði var ég komin með verkefni upp fyrir haus og mitt frjálsræði var löngu fyrir bí. Ég var alltaf í vinnunni en náði þó aldrei í skottið á sjálfri mér og gulu möppurnar farnar að valda mér margvíslegum martröðum, komst mjög sjaldan suður nema út af vinnunni. Eitt var þó verst en það var reikningagerðin. Þegar ég var að gera reikning í lok hvers máls þá blöskraði mér oft fjárhæðin og endurskoðaði tímaskráninguna með gagnrýnum huga (setti mig í dómarastellingarnar). Ég var örugglega ekki svona lengi að skrifa þetta bréf, ég fer ekki að rukka fyrir þetta mót, ég átti hvort sem er leið til sýslumanns o.s.frv. Sem sagt; fækkaði tímum og gaf jafnvel afslátt vegna kunningskapar ... (ég bý á Húsavík, kannast við flesta, ef ekki alla). Var þó alltaf jafnhissa um hver mánaðamót að ég hefði ekki hærri tekjur, eins og ég vann!

Það að vera einyrki hefur náttúrulega bæði kosti og galla. Kostirnir eru vissulega frjálsræðið, með þeim takmörkunum sem að ofan greinir, og sjálfræðið – það segir mér sko enginn fyrir verkum! Einyrkjarekstur getur þó verið mismunandi. Það er töluverður munur hvort viðkomandi



Berglind Svavarsdóttir

hdl.

er með sinn sjálfstæða rekstur í samstarfi við fleiri lögmenn eða hvort viðkomandi er einn á skrifstofu eða jafnvel sá eini í bæjarfélaginu. Það sem olli mér hugarangri á stundum var mín faglega einangrun, að geta ekki skellt sér á næstu skrifstofu með kaffibollann og fengið ráð og jafnvel yfirlestur gagna eða bara einhvern til að ræða við um málin, því betur sjá augu en auga. Símakostnaður minn hefur alltaf verið hár, hvort heldur heima eða í vinnu, en ég notaði símann mikið til að spjalla við kollega, ef ég var lens, sem gerðist reyndar nokkuð oft. Stundum hreinlega hundleiddist mér, enda kann ég betur við mig í félagsskap annarra.

Oft hafði hvarflað að mér að reyna að fá einhvern til samstarfs við mig en gerði svo sem ekkert frekar í því. Þegar Hilmar Gunnlaugsson lögmaður á Egilsstöðum hafði samband við mig með samstarf í huga með Sigríði Kristinsdóttur lögmanni á Höfn þá leit ég það mjög jákvæðum augum og eftir nokkra samráðs- og samstarfsfundi varð niðurstaðan sú að sameina rekstur okkar, einyrkjanna þriggja, og leit Regula-lögmannsstofa dagsins ljós þann 03.03.03.

Þrátt fyrir að minnsta fjarlægð á milli starfsstöðva sé 240 km þá hefur okkur tekist að sameina þessar þrjár skrifstofur sem eina með aðstoð nýjustu upplýsingatækni. Sameiginlegt tölvuverfi (Terminal Client) og sameiginleg símstöð (Centrext) gera það að verkum að fyrirtækið er sem eitt út á við. Við upphaf þessa reksturs vonuðumst við til að komast hjá þeim ókostum sem fylgja rekstri í dreifbýli en nýta kosti þess. Þá var ég sannfærð um að ákvörðun okkar um sameiningu væri rétt. Ég er enn sannfærðari núna, tveimur árum síðar, og tel okkur hafa náð ofangreindu markmiði. Okkar sameining er um margt

Við upphaf þessa reksturs vonuðumst við til að komast hjá þeim ókostum sem fylgja rekstri í dreifbýli en nýta kosti þess.



sérstök því við erum hvert á okkar starfsstöð, Húsavík, Höfn og Egilsstöðum, og erum því okkar eigin herrar á hverjum stað fyrir sig. Vissulega er svona sameining ekki gallalaus og rekstrarlega hefði það komið mun betur út að sameina reksturinn á einn stað. Sameining okkar leysti ekki vandamálið með ósk mína um að geta labbað inn á næstu skrifstofu með kaffibollann og rætt frjállega um lögfræðileg málefni. Sameiningin gerði það heldur ekki að verkum að einhver hlaupi í skarðið fyrir mig og mæti hér og þar, a.m.k. ekki án töluverðs fyrirvara. Sameiningin leysti hins vegar mörg önnur vandamál. Nú sit ég eins og fín kona, mjög ábúðarfull, og get sagt með fullum þunga – gjaldskrá lögmannsstofunnar er ákvörðun

stjórnar og henni verður ekki breytt. Einnig hafa gulu möppurnar ekki jafn þungbær áhrif á mig núna, vitandi að annar en ég geti tekið málin til meðferðar. Þá er hægt að fara í sumarleyfi án þess að þurfa að vinna myrkranna á milli fyrir brottför og án þess að vera með gemsann límdan á eyranu því núna er til staðar fólk til að leysa af og sjá um að mætt verði þar sem nauðsynlegt er. Með sameiningunni hefur okkur einnig tekist að skipta verkum á milli okkar og þar af leiðandi skapa aukna sérhæfingu á ákveðnum sviðum og við getum þjónustað viðskiptavinina betur að okkar mati.

Ég er því mun frjálssari núna en held sjálffræðinu – að mestu.



AÐALFUNDUR

Lögmannafélags Íslands 2005
verður haldinn föstudaginn 11. mars nk., kl. 14:00 í Skála, Radisson SAS
Hótel Sögu.

D A G S K R Á:

1. Aðalfundarstörf samkvæmt 8. gr. samþykktu fyrir Lögmannafélag Íslands.
2. Skýrsla 9 manna nefndar.
3. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins.
4. Önnur mál.

Að loknum aðalfundi LMFÍ verður haldinn aðalfundur félagsdeildar LMFÍ.

D A G S K R Á:

1. Aðalfundarstörf samkvæmt 6. gr. reglna um félagsdeild LMFÍ.
2. Önnur mál.

Stjórn Lögmannafélags Íslands



Gutenberg
PRENTSMIDJA

Sími 545 4400 • Gutenberg.is

Nýjar bækur um lögfræði



Afbrot og refsíðabyrgð III
Jónatan Þórmundsson
Bók þessi er þriðja bindi fræðirits höfundar um afbrot og refsíðabyrgð. Í verkinu er í sex þáttum fjallað um staðreyndavillu, lögvillu, sakhæfi, neyðarvörn, neyðarrétt og samþykki brotaþola. Þá fylgja ritinu starlegar skrár.



HÁSKÓLAÚTGÁFAN
www.haskolautgafan.hi.is



Réttarstaða fatlaðra
Brynhildur G. Flóvenz
Í bókinni er fjallað m.a. um einstök réttindi svo sem réttinn til menntunar, heilbrigðisþjónustu, barneigna, framfærslu o.s.frv. Þá er gerð grein fyrir stefnu stjórnvalda í málefnum fatlaðra og hvernig hún birtist í framkvæmd.

PISTILL FORMANNS:

Þetta er síðasti pistillinn sem ég skrifa í Lögmannablaðið sem formaður LMFÍ. Ég hef verið formaður í 3 ár og embættinu má víst ekki gegna lengur samfelld. Blaðið kemur út fjórum sinnum á ári og því er þetta tólfti pistillinn. Hann verður kveðjupistill. Mér hefur alltaf látið heldur illa að kveðja.

Mér finnst árin þrjú hafa verið ótrúlega fljót að líða og vona að félagsmönnum hafi ekki fundist þau of lengi að líða. Ýmislegt hefur á dagana drifið og drjúgur tími farið í að sinna embættinu. Ég vissi það þegar ég tók við og sé ekki eftir einni mínútu, er miklu fremur þakklátur fyrir að hafa fengið þetta tækifæri.

Af því þetta er skrifað á óskarsverðlaunadegi er nánast við hæfi að misnota aðstöðu sína eins og hver annar óskarsverðlaunahafi og þakka þeim sem þakka ber. Meðstjórnarmönnum mínum þakka ég afar ánægjulegt samstarf. Starfsmönnum félagsins fyrir að leggja sig fram í störfum sínum fyrir það. Eyrúnu, sem kallar sig ýtu þegar hún ýtir á eftir pistlunum mínum, fyrir að ýta á eftir þeim. Hún stjórnar félagsdeildinni með myndarbrag. Sérstaklega vil ég þó þakka framkvæmdastjóra félagsins, Ingimari Ingasyni, fyrir samstarf sem aldrei hefur borið skugga á. Félaginu er mikill fengur að Ingimari sem hefur sinnt sínum störfum frábærlega. Ég tel hann gæddan þeim kosti sem helstan þarf til þess að ná árangri í starfi, að þykja vænt um viðfangsefnið. Ingimar ber virðingu fyrir LMFÍ og þykir vænt um félagið. Þess vegna gerir hann hvaðeina sem hann getur til þess að efla hag þess. Þá þakka ég félagsmönnum fyrir að hafa leyft mér að fara fyrir félaginu þennan tíma og fyrir að láta sig málefni þess varða. Ég óska þess einnig að þeir haldi áfram að láta málefni félagsins sig varða.



Gunnar Jónsson

hrl.

Virðing min fyrir LMFÍ hefur vaxið eftir því sem ég hef lært að þekkja félagið, hlutverk þess og sögu betur. Ég hef sannfærst enn betur en áður um að félagið þjóni mikilvægu hlutverki. Það snýst ekki fyrst og fremst um lögmenn, heldur hlutverk þeirra sem skjól fyrir borgarana, ekki síst gagnvart ríkisvaldinu. Þessu hlutverki sínu geta lögmenn því aðeins gegnt að þeir séu sjálfstæðir og óháðir. Megintilgangur lögmannafélagsins er því og hlýtur að verða að standa vörð um sjálfstæði lögmanna. Sjálfstæðir og óháðir lögmenn eru einfaldlega forsenda þess að ríki geti talist réttarríki.

Þessi megintilgangur félagsins er líka helsta réttlætningin fyrir tilvist þess og skylduáðildinni að því. Enginn vafi er á því að heildin er í sterkari stöðu til þess að standa vörð um sjálfstæðið en hver lögmaður væri á eigin spýtur.

Eins og menn ugglaustr muna varð nokkur ágreiningur innan félagsins í byrjun árs 2004 vegna frumvarps til breytinga á lögmannalögum, svo sem það leit þá út. Óánægju gætti fyrst og fremst í hópi þeirra sem kallaðir hafa verið innanhússlögmenn, en þeir töldu ákveðin atriði í frumvarpinu vega að stöðu sinni. Í framhaldi af því var sett á laggirnar svokölluð 9 manna nefnd og henni falið

að gaumgæfa nauðsynlega heildarendurskoðun á lögmannalögum. ...hvernig félagsaðild og handhöfn lögmannaaréttinda verði bezt fyrir komið og þar hafðar til hliðsjónar tilgangsskyldur félagsins samkvæmt 2. gr. samþykktá þess.

Nefndinni var gert að leggja tillögur sínar fyrir aðalfund 2005 og það mun hún gera.

Eins og vikið er að hér að framan var undir-
rótin að skipun nefndarinnar óánægja með
ákvæði í frumvarpi til breytinga á lögmanna-
lögum. Þau ákvæði sem mest óánægja var
með voru felld úr frumvarpinu, sem vonandi
varð til þess að slá á óánægjuna. Eftir stóð þó
að margir höfðu áhyggjur af breytingu á sam-
setningu félagsins, þar sem öðrum en þeim
sem kallaðir hafa verið sjálfstætt starfandi
hefur fjölgað mjög og nálgast að vera helm-
ingur félagsmanna. Þessar áhyggjur hafa ekki
síst snúist um að sýn á megintilgang félagsins,
að standa vörð um sjálfstæði lögmanna, kynni
að daprast.

Þær raddir höfðu jafnvel heyrst að félagið
rúmaði ekki alla sem í því eru. Niðurstaða 9
manna nefndarinnar er hins vegar sú að
félagið rúmi alla sem í því eru. Umræðan um
það atriði varð einfaldari en ella fyrir þær

sakir að CCBE beindi þeim tilmælum nýverið
til aðildarfélaga, sem ekki veita innahússlög-
mönnum aðild, að gera svo. Það hefði verið
öfugsnúið ef LMFÍ hefði farið í þveröfuga átt.
Ekki verður því lagt til að skipta félaginu upp
eða deildaskipta því.

Nefndarmenn eru hins vegar sammála um
að ástæða sé til þess að undirstrika enn frekar
en verið hefur þann megintilgang félagsins að
standa vörð um sjálfstæði lögmanna, borgar-
anna vegna. Hvernig það skal gert og tillögur
nefndarinnar að öðru leyti verða reifaðar á
aðalfundi og þangað býst ég vitaskuld við
öðrum lögmönnum en þeim sem lögmæt for-
föll hafa.

Takk fyrir mig.



**Þú getur
fengið þá
á netinu!**

www.pmt.is

ALLAR GERÐIR STIMPLA



pmt
last miðar & tæki ehf.

Sími: 567-8888 • Fax: 567-8889

Þýðingar og textaráðgjöf

Löggiltar og almennar þýðingar
á ensku, norðurlandamál,
frönsku, þýsku og rússnesku
(nú þýðendur og túlkar).
Dóm- og skýrslutökutúlkun.

Ellen Ingvadóttir

Löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi.
Laugavegi 163a - sími: 562-6588
bréfsími: 562-6551 - GSM: 897-2717
netfang: ellening@simnet.is

Námskeið um kæruskilyrði og málsmeðferð fyrir Mannréttindadómstól Evrópu

Hvað þarf að hafa í huga við undirbúning á kæru til dómstólsins?

Mannréttindastofnun Háskóla Íslands og Lögmannafélag Íslands standa fyrir námskeiði þann 15. apríl nk. um skilyrði fyrir meðferð kæru og um málsmeðferðarreglur hjá Mannréttindadómstóli Evrópu. Markmið námskeiðsins er að veita yfirsýn yfir skipulag og störf Mannréttindadómstóls Evrópu og réttarfarsreglur sem gilda þar um meðferð kærumála allt frá því kæra berst dómstólnum þar til dómur er kveðinn upp. Sérstök áhersla verður lögð á skilyrði sem Mannréttindasáttmáli Evrópu setur fyrir því að kæra verði tekin til efnislegrar meðferðar og að hverju þarf að huga sérstaklega áður en kæra er send dómstólnum. Einnig verður fjallað um sáttumleitanir og málsmeðferð varðandi efnishlið máls eftir að kæra er metin tæk til efnismeðferðar. Þá verður vikið að stöðu Mannréttindadómstólsins í ljósi stöðugrar fjölgunar aðildarríkja að sáttmálanum, áhrifum þess á málsmeðferðartímann og skipulagsbreytingum sem fyrirhugaðar eru með 14. viðauka við sáttmálan.

Mannréttindadómstólnum í Strasbourg berast nú árlega yfir 40 þúsund kærur frá einstaklingum og samtökum í 45 aðildarríkjum að Mannréttindasáttmála Evrópu, þar með talið frá Íslandi, en árið 2004 bárust dómstólnum tíu kærur gegn íslenska ríkinu. Aðeins örlítið brot af öllum kærufjöldanum uppfyllir þau skilyrði sem sáttmálinn setur fyrir því að kæra verði tekin til efnislegrar meðferðar. Var sex kærur gegn íslenska ríkinu vísað frá af þessum sökum árið 2004. Þess má geta að árið 2004 var alls 20.350 kærur vísað frá dómstólnum, 842 kærur voru teknar til efnismeðferðar en 718 dómar voru kveðnir upp á árinu.

Að mörgu er að hyggja við undirbúning kæru til Mannréttindadómstóls Evrópu. Algengast er



**Björg
Thorarensen**

prófessor

að kærur til dómstólsins uppfylli ekki skilyrði um meðferðarhæfi sem eru rakin í 35. gr. sáttmálans. Reynir hér einkum á þau skilyrði 1. mgr. 35. gr. að réttarúrræði hafi ekki verið tæmd innanlands eða að sex mánaða kærufrestur sé liðinn frá því að lokaákvörðun var tekin í heimalandinu. Þá er algengt að kæra teljist augljóslega illa grunduð skv. 3. mgr. 35. gr. Í því felst í raun að lagt er mat á efni kærunnar en talið augljóst að hún brjóti ekki gegn ákvæðum sáttmálans. Ýmis önnur atriði í 35. gr. geta ráðið úrslitum um það hvort kæra verði tekin til efnismeðferðar, t.d. hvort sama mál hafi komið til skoðunar hjá annarri alþjóðlegri stofnun eða úrlausnaraðila. Loks geta atriði sem varða kær-andann skv. 34. gr. sáttmálans leitt til þess að kærinni verði vísað frá t.d. ef hann reynist vera opinber stofnun eða hann hafi ekki lögvarða hagsmuni af því að fá úrlausn um brot á sáttmálanum. Margvísleg álitafni geta skapast um meðferðarhæfi á kærur og túlkun þessara skilyrða sem texti sáttmálans veitir ekki svör við en finna má ákvörðunum dómstólsins um meðferðarhæfi.

Námskeiði MHÍ og LMFÍ er ætlað að kynna fyrir íslenskum lögfræðingum starfsemi Mannréttindadómstólsins. Mikið hefur verið fjallað um efni og áhrif Mannréttindasáttmálans á íslenskan rétt og ýmsa dóma Mannréttindadómstólsins í því sambandi en minni gaumur gefinn að raunhæfum álitamálum sem lúta að skilyrðum kæru og réttarfarsreglum dómstólsins. Námskeiðinu er ætlað að bæta úr þessu. Það beinist sérstaklega að þörfum lögmannna sem þurfa að kunna skil á því hvernig þeir geta veitt skjólstaðingum sínum ráðgjöf um möguleika á að kæra verði tekin til meðferðar hjá dómstólnum og hvernig beri að útbúa slíka kæru.

Á námskeiðinu verður einnig varpað ljósi á þann vanda sem Mannréttindadómstóllinn stendur nú frammi fyrir vegna stöðugt vaxandi kærufjölda og uppsöfnunar mála. Til að bregðast við þessu var 14. viðauki við sáttmálann samþykktur 13. maí 2004 og er stefnt að því að hann taki gildi á næsta ári. Með viðaukanum verður vinnulagi dómstólsins við ákvarðanir um meðferðarhæfi á kærum breytt nokkuð auk þess sem skilyrði fyrir meðferðarhæfi kröfu verða þrengd. Með þessu er stefnt að því að bæta skilvirkni í málsmeðferð og stytta þann tíma sem dómstóllinn þarf að eyða í mál sem

málefni geðsjúkra afbrotamanna í öryggisgæslu. Hann hefur verið dómari við Mannréttindadómstólinn frá 1998 og var endurkjörinn dómari þar árið 2004 til næstu sex ára. Vegna lögmansstarfa sinna um árabíl og sérþekkingar á mannréttindamálum, auk dómastarfsins við Mannréttindadómstólinn, hefur John Hedigan mikla innsýn og þekkingu á málefnum sem tengjast hlutverki og störfum lögmans í rekstri mála fyrir dómstólnum.

Davíð Þór Björgvinsson tók við starfi dómara við Mannréttindadómstólinn haustið 2004. Hann



Mannréttindadómstóll Evrópu í Strasbourg.

augljóslega eru ekki tæk til efnismeðferðar eða síendurtekin álitafni, sem fjöldi dóma liggur þegar fyrir um, svo hann geti beitt kröftum sínum í ríkari mæli að raunverulegum og mikilvægum álitafnum um brot á ákvæðum sáttmálans.

Kennarar á námskeiðinu eru tveir dómamarar við Mannréttindadómstól Evrópu, John Hedigan frá Írlandi og Davíð Þór Björgvinsson núverandi dómari af hálfu Íslands og fyrrum prófessor við HR og HÍ.

John Hedigan fæddist árið 1948 í Dublin og lauk lagaprófi þar. Hann fékk lögmansréttindi árið 1976 og starfaði sem hæstaréttarlögmaður (barrister) á Írlandi til ársins 1990. Á árunum 1976 til 1980 var hann formaður Írlandsnefndar Amnesty International gegn pyndingum. Hann var formaður áfrýjunardómstóls í málefnum ríkisstarfsmanna frá 1992-1994. Árin 1991-1998 var hann formaður sjálfstæðrar ráðgjafanefndar um



var áður prófessor við lagadeild HÍ og síðast prófessor við HR. Hann starfaði einnig um nokkurra ára skeið sem aðstoðarmaður við EFTA-dómstólinn í Luxembourg.

Þótt námskeiðið hafi einkum hagnýtt gildi fyrir lögmenn á það erindi við alla sem hafa áhuga á starfsemi Mannréttindadómstólsins og vilja fá innsýn í viðfangsefni hans. Námskeiðið er haldið á Grand Hótel í Reykjavík föstudaginn 15. apríl nk. Það hefst kl. 13.30 og lýkur kl. 17.00.

Hagsmunaárekstrar

Inngangur.

Óhætt er að fullyrða að verðmætasta eign hvefarr lögmannsstofu er traust skjólstæðingsins á henni. Ríki gagnkvæmt traust milli lögmanns og skjólstæðings verður öll vinnan faglegri og líklegri til að skila árangri. Eitt af því sem hvað mestu máli skiptir í þessu sambandi er að lögmaðurinn sé óbundinn af þeim hagsmunum sem hann er að vinna með, en á sviði lögfræðinnar eru mun meiri líkur á því að hagsmunaárekstrar valdi vandræðum og mögulegu tjóni en hjá flestum öðrum sérfræðingastéttum.

Varnaglar í lögum um lögmann.

Í lögum um lögmann nr. 77/1998 eru ákvæði sem banna öðrum en þeim sem hafa opna lögmannsstofu með tilheyrandi starfsábyrgðartryggingum og umgjörð að selja lögmannsþjónustu. Þeir lögfræðingar sem aflað hafa sér réttinda til að stunda lögmannsstörf, en starfa hjá öðrum s.s. bönkum, endurskoðunarskrifstofum o.fl., þurfa að fá sérstaka undanþágu frá skilyrðum laganna fyrir því að halda réttindum sínum, án þess að starfa sem sjálfstæðir lögmann. Þannig mega slíkir undanþágulögmann einungis vinna að verkefnum fyrir það fyrirtæki eða stofnun sem þeir vinna hjá, en ekki fyrir þriðja aðila, þ.e. viðskiptavini félagsins eða stofnunarinnar út á við. Í staðinn er ekki gerð krafa til þeirra um starfsábyrgðartryggingar, sérstaka fjárvörslureikninga eða opna starfsstöð fyrir almenna viðskiptavini o.fl.

Ljóst er að afar mikilvægt er að þessu sé haldið til haga þannig að lögmann sem vinna á grundvelli slíkrar undanþágu seilist ekki inn á svið lögmannna með sjálfstæðan rekstur. Slíkt myndi ekki einungis



**Helgi
Jóhannesson**
hrl.

veikja samkeppnisstöðu lögmannna í sjálfstæðum rekstri gagnvart þessum lögmonnum, heldur einnig auka verulega hættuna á hagsmunaárekstrum, þar sem hagsmunir skjólstæðingsins mættu sín minna en hagsmunir fyrirtækisins sem borgar undanþágulögmanninum launin.

Lögfræðideildir endurskoðunarfyirtækjanna.

Þróun hér á landi undanfarin ár hefur verið í þá átt að lögfræðideildir endurskoðunarskrifstofa fara stöðugt stækkandi. Oft á tíðum hlýtur að vera a.m.k. áhorfsatriði hvort viðkomandi undanþágulögmaður sem þar vinnur, er að vinna að verkefni fyrir vinnuveitanda sinn, sem honum er heimilt, eða hvort starfið sé í raun farið að felast í hagsmunagæslu fyrir viðskiptavini félagsins út á við, sem honum er óheimilt að sinna. Enn stærra vandamál í þessu sambandi eru þó hinir augljósu hagsmunaárekstrar sem upp koma ef viðskiptavinur endurskoðunarskrifstofunnar lendir í útistöðum við skattyfirvöld vegna framtala sinna eða ársreikningsgerðar. Hvorum herranum ætlar lögmaðurinn sem vinnur í skjóli endurskoðunarskrifstofunnar að þjóna þegar spurningin fer að snúast um mistök eða sök hjá endurskoðandanum annars vegar og skjólstæðingnum hins vegar?

Bankar og fjármála-fyrirtæki.

Sams konar hætta er á hagsmunaárekstrum hjá lögmonnum sem starfa hjá bönkum og fjármálafyrirtækjum. Þó þróunin hafi verið í aðrar áttir erlendis hin síðustu ár, virðist stefnan hér vera í átt til ört vaxandi lögfræðisþjónustu bankanna. Í stærri viðskiptum er ekki óalgengt að viðkomandi banki sjái bæði um að lána fé til verkefnis-

... augljós samkeppnislagabrot að ræða gagnvart sjálfstætt starfandi lögmonnum, sem er gert að innheimta virðisaukaskatt af sinni þjónustu, ...



ins og alla skjalagerð í tengslum við það. Viðskiptavinurinn borgar síðan fyrir í heildarþóknun sem hann greiðir bankanum fyrir lánið og aðra þjónustu í tengslum við það. Þó íslenskir bankar og fjármálafyrirtæki hafi yfir að ráða afar hæfum lögfræðingum, er samt augljóst að hér geta komið upp tilfelli þar sem hagsmunir viðskiptavinarins gætu verið látnir þoka fyrir hagsmunum annarra sem að málinu koma, t.d. bankans sjálfs. Það er raunar nógu slæmt að það geti komið mönnum þannig fyrir sjónir út á við, hver svo sem raunveruleikinn er. Auðvitað má segja að viðskiptavinurinn geti ávallt tekið lögmann með sér að borðinu til að gæta hagsmuna sinna, en er ekki ósanngjarnt að hann þurfi á sama tíma að halda uppi lögfræðideild bankans með greiðslu á þjónustugjöldum sem hann innir af hendi í viðskiptunum?

Í viðskiptum sem þessum er einnig um augljós samkeppnislagabrot að ræða gagnvart sjálfstætt starfandi lögmonnum, sem er gert að innheimta virðisaukaskatt af sinni þjónustu, sem bankarnir þurfa á hinn bóginn ekki að gera.

Valkosturinn er fyrir hendi.

Hér á landi hefur starfsumhverfi lögmanna breyst verulega síðustu ár. Lögmannsstofur hafa stækkað og sérhæfing aukist. Mjög hefur færst í

vöxt að lögfræðingar leiti sér viðbótarmenntunar erlendis. Allt þetta gerir lögmannsstofurnar hæfari og betur í stakk búnar til að takast á hendur þau verkefni sem nútíma viðskiptahættir gera kröfur til. Þessi þróun til faglegrí, fljótverkari og öruggari vinnubragða getur gerst mun hraðar ef t.a.m. bankar, endurskoðendur o.fl., gera sér grein fyrir mikilvægi þessa og nýta sér þjónustu lögmannsstofanna fremur en að keppa við þær. Því fyrir sem menn átta sig á þessu því hraðar vex fagmennskan í viðskiptalífínu öllu og stýrt verður framhjá óþarfa hættum og tortryggni vegna hagsmunaárekstra.

TIL SÖLU

Hæstaréttardómar frá 1920 - 1995 í fallegu skinnbandi til sölu.

Einnig tímaritið Úlfjótur frá 1950-1998 og Tímarit lögfræðinga frá sama tíma.

Töluvert magn af Nordisk domsamling getur fylgt með.

Upplýsingar gefur Ólöf Pálsdóttir
í síma 551-5706 og 868-7718.

Sími **568 9095**

Eyðing skjala

Einfalt
Öruggt
Fljótlegt

 Gagnæying ehf.
Skólavaglí 13 - 104 Reykjavík
Sími: 568 9095, fax: 568 8215, farsími: 897 2803
Netfang: gagnæying@vafn.is
Opíð hó kl. 9:00 til 17:00,
mánudaga til föstudaga (lag eftir samkomulag).

RENATA EHF

ÞÝÐINGAR OG TÚLKUN

RENATA ERLENDSSON
lögiltur dómtúlkur og skjalapýðandi

ÞÝSKA - ENSKA - RÚSSNESKA
VÖNDUÐ VINNUBRÖÐ
ÁRATUGA REYNSLA

Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík
E-mail: renata@tv.is

Símar: 557 2830 h. – 562 2562 v.
GSM: 898 0904
Fax: 562 2517

Námskeið LMFÍ á vorönn:

Skráning fer fram hjá félagsdeild í síma 568 5620 eða með tölvupósti á netfangið: eyrun@lmfi.is

Stjórnskipulag hlutafélaga og einka-hlutafélaga.

Farið verður yfir ákvarðanatöku hluthafafundar og félagsstjórnar, réttindi og skyldur hluthafa og stjórnenda með tilliti til minnihlutaverndar og hæfisreglna þessara aðila. Þá verður farið yfir upplýsingaskyldu til hluthafa og trúnaðarskyldu stjórnenda gagnvart hluthöfum og félögum í sömu félagasamstæðu.

Kennari Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl. hjá LOGOS og Guðmundur J. Oddsson hdl., hjá Actavis Group hf.
Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími Þriðjudagur 15. mars 16:00-19:00.
Verð kr. 15.500,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 12.500,-

Alþjóðlegur einkamálaréttur

Fjallað verður um grundvallaratriði alþjóðlegs einkamálaréttar. Fjallað verður um þá aðstöðu þegar atvik tengjast réttarkerfi tveggja eða fleiri landa og afstöðu íslensks og alþjóðlegs réttar til slíkra vandamála. Lögð verður áhersla á praktískar lausnir, t.d. samninga um lagaval, varnarþing og gerðardóma.

Kennari Reimar Pétursson hdl.
Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími Fimmtudagur 17. mars kl. 16:00-19:00.
Verð kr. 12.500,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 9.500,-

Örorkumat: hlutverk taugasálfræðinga í greiningu höfuðáverka

Á námskeiðinu verður farið yfir hvernig taugasálfræðilegt mat er framkvæmt og hvernig höfuðhögg eru skilgreind eftir alvarleika þeirra. Einnig verður fjallað um hálsþykki. Kynnt verður hvernig taugasálfræðingar meta afleiðingar slysa, hvers eðlis prófanir eru, hvað þær geta sagt okkur og hvaða gryfjur ber að varast í túlkun gagnanna. Einnig verður rætt um aðrar afleiðingar slysa, s.s. áfallastreitu og fleira sem torveldar taugasálfræðilega mismunagreiningu. Í lokin verður farið yfir raunverulegt dæmi um hvernig taugasálfræðilegt mat er notað í örorkumati.

Kennari María K. Jónsdóttir, ph.d., yfirsálfræðingur á Sálfræðiþjónustu Landspítala Háskólasjúkrahúsi — Landakoti, en hún hefur 13 ára starfsreynslu sem taugasálfræðingur á LSH og sem háskólakennari. María hefur umtalsverða reynslu af því að gera taugasálfræðilegar greinargerðir í slysamálum.
Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími Fimmtudagur 31. mars, kl. 16:00-19:00.
Verð kr. 12.500,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 9.500,-
Tilboð Fyrir bæði örorkumatsnámskeið: Kr. 20.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 16.000,-

Skipti dánarbúa, gerð kaupmála og erfðaskráa.

Fjallað verður um einka- og opinber skipti á dánarbúum og skyldur skiptastjóra. Farið verður yfir helstu atriði við gerð kaupmála og erfðaskráa.

Kennari Steinunn Guðbjartsdóttir hdl.
Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími Þriðjudagurinn 5. apríl kl. 16:00-19:00.
Verð kr. 12.500,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 9.500,-

Örorkumat: Uppgjör slysamála.

Farið verður yfir hvaða helstu atriði þurfa að liggja til grundvallar við gerð örorkumats við uppgjör slysamála og praktísk lögræðileg atriði sem hafa ber í huga í ferlinu. Hvað einkennir vel gert örorkumat? Hvaða sérfræðingar geta gert örorkumat?

Kennari Óðinn Elísson hdl. hjá Fulltingi.
Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími Fimmtudagur 7. apríl kl. 16:00-19:00.
Verð kr. 12.500,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 9.500,-
Tilboð Fyrir bæði örorkumatsnámskeið: Kr. 20.000,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 16.000,-

Samruni fyrirtækja

Farið verður yfir lagaumhverfi samrunaferils út frá félagarétti og samkeppnisrétti og undirbúning og framkvæmd samruna fyrirtækja. Reglur um tilkynningu samruna til Samkeppnisstofnunar verða skoðaðar, hvenær skylt er að tilkynna samruna og hvaða upplýsingum þarf að skila. Einnig verða skoðaðir samningar um fjármögnun fyrirtækja.

Kennarar: Helga Melkorka Óttarsdóttir hdl., LOGOS, og Þórólfur Jónsson hdl., KB banka.
Staður: Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, Reykjavík.
Tími: Mánudaginn 9. maí 16:00-19:00.
Verð: kr. 15.500,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 12.500,-

Undirbúningur málhöfðunar og efni stefnu: Hvaða víti þarf að varast?

Fjallað verður um gagnaöflun í einkamálum, þ.m.t. öflun matsgerða og skýrslutökur fyrir dómi fyrir höfðun máls svo og efnislega uppbyggingu stefnu. Sérstaklega verður hugað að þeim annmörkum á málalíbúnaði sem leitt geta til frávisunar.

Kennari Sigurður Tómas Magnússon héraðsdómari og sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík
Staður Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími Fimmtudagur 12. maí kl. 16:00-19:00.
Verð kr. 12.500,- en fyrir félagi í félagsdeild kr. 9.500,-


Skráning fer fram hjá félagsdeild í síma 568 5620 eða með tölvupósti á netfangið: eyrun@lmfi.is

Lögmannaáskjal – sjálfboðastarf lögmanna!

Um árábil hefur LMFÍ boðið almenn-
ningi upp á ókeypis ráðgjöf en henni
sinnir fjöldi lögmanna. Hver lög-
maður kemur u.þ.b. einu sinni á ári á
þriðjudagseftirmiðdegi og tekur á
móti fólki sem áður hefur pantað tíma
á skrifstofu félagsins. Eins og sjá má
á meðfylgjandi súluriti leituðu
aðeins færri til Lögmannaáskjalarinnar
á síðasta ári en árið á undan eða 242
á móti 289.

Mál þau sem koma til Lögmanna-
áskjal eru af ýmsum toga en fólk á
öllum aldri og af öllum stéttum sækir
í þessa ráðgjöf. Lögmenn geta leyst
um helming málanna á staðnum en
fólki er ráðlagt að leita frekari lögmannaáskjal
í hinum málunum eða til stjórnvalda.

LMFÍ vill þakka öllum þeim lögmönnum sem
lögðu Lögmannaáskjalinni lið á síðasta ári. Það er
mjög mikilvægt fyrir ímynd stéttarinnar að



almennur hafi aðgang að ókeypis aðstoð sem
þessari. Þeir lögmenn sem hafa áhuga á að skrá
sig í þetta sjálfboðastarf er bent á að hafa samband
við skrifstofu félagsins.

EI

Námskeið í skotfimi



Eins og úr villta vestrinu, Þorbjörg
l. Jónsdóttir.

Í febrúar sl. hélt félagsdeild LMFÍ
námskeið í skotfimi sem endaði með
skotkeppni með loftriffli.

Eins og meðfylgjandi myndir sýna voru
þátttakendur vígalegir á að líta með vopn í
hönd en einbeitingin skein úr hverjum
andlitsdrætti!

Niðurstöður keppinnar voru þær að Finnur
Reyr Stefánsson var í fyrsta sæti, Ingimar
Ingason í öðru sæti og Ólafur Örn Svansson
í því þriðja.



Ólafur Örn Svansson,
eins og Morgan Kane
með byssuna.

Af Merði lögmanni

Jæja þá er útséð með það þetta árið eins og öll hin. Mördur var ekki beðinn um að vera veislustjóri á árshátíð Lögmannafélagsins. Mördur ætlar sko ekki að láta það hafa áhrif á gleðina. Á árshátíðina fer hann. Merði hefur alltaf þótt borðhaldið frekar leiðinlegt nema árið sem hún Dúdda blautbolsdrottning kom með honum. Þá átti hann salinn. Langflottastur.

Þetta var á 3ju árshátíðinni sem Mördur fór á. Á tveimur fyrstu leiddist honum skelfilega enda konulaus. Allir á árshátíðinni voru með maka með sér nema Mördur. Hann var aleinn. Mördur vissi nú samt að fullt af þessu fólki væri einhleyp en það var samt mætt þarna með maka. Mördur komst að því seinna að þetta voru ekki makar heldur voru nokkrir með svona „rent a date“ með sér. Úrræðagóðir þessir lögmennt alltaf. Áður en Mördur kynntist spúsu sinni reyndi hann ítrekað að fá einhleypa lögmennt til að vera með sér á svona “single” borði en það bar engan árangur. Mördur var nú ekki að skilja það enda sáu karlkynskollegar hans ekki heildarmyndina. Þeir hefðu getað höslað kvenkynslögmann á árshátíðinni og kvænst henni. Með því hefðu þeir getað slegið tvær flugur í einu höggi. Náð sér í eiginkonu og fækkað konum í stéttinni. Því auðvitað hefðu þeir getað talað eiginkonurnar inn á það að vera heima og gæta bús og barna í stað þess að vera í þessu framabrölti sem hvort sem er skilar þeim ekki neinu.

Það sem hefur háð Merði mest á árshátíðunum, fyrir utan borðhaldið, er að hann á svo erfitt með að þekkja kvenkynslögmennina. Þær líta bara allt öðruvísi út á árshátíðinni en svona dags daglega. Þær eru jafnvel bara nokkuð sætar og mildar til augnanna. Þannig hefur hann ekki séð þær áður. Svona daglega eru þær alltaf með þetta rauðsokkublik í augunum; berjast stelpur, berjast.

Merði finnst hins vegar fyrir partýin alltaf skemmtilegust því þá hefur hann tækifæri til að drekka sig í stuð. Það er verra þegar hann fer að þynnast upp yfir borðhaldinu enda ekki viðeigandi að drekka tvöfaldan vodka í kók með sítrónu á svona virðulegri samkomu. Mördur kann sig nú. Þess vegna setur hann t.d. alltaf sítrónu í drykkinn, svona til að gera hann fágáðan.

Breytingar á sviði vinnuréttar

Áhrif Evrópuréttar

Aðildin að Evrópska efnahagssvæðinu hefur haft veruleg áhrif á vinnurétt hér á landi enda ber almennt að innleiða gerðir Evrópusambandsins um vinnurétt í íslenskan rétt. Hin nýja eða breytta löggjöf byggir að því leyti á efnisreglum viðkomandi tilskipunar. Til viðbótar hefðbundnum lögskýringargögnum þarf því að horfa til tilskipunarinnar sjálfrar og hvernig hún er túlkuð í ráðgefandi álitum EFTA-dómstólsins og dómum Evrópudómstólsins. Vegna EES-samningsins hafa á síðustu árum t.d. verið sett ný lög um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum nr. 72/2002, og um breytingar á vinnuverndarlögum nr. 46/1980, sbr. lög nr. 68/2003 (vinnutími, áhættumat á vinnustað sem vinnuveitanda ber að láta framkvæma o.fl.). Auk þess lög um tímabundna ráðningu starfsmanna, nr. 139/2003 og lög um starfsmenn í hlutastörfum, nr. 10/2004. Þá eru lög um hópuppsagnir, nr. 63/2000 og réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja, nr. 54/2001 og fleiri ótalin.

Réttarstaða starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtæki

Nýju lögin, nr. 72/2002, voru sett til innleiðingar á tilskipun 2001/23/EB. Hugtakið aðilaskipti er nú skýrt í lögnum. Átt er við aðilaskipti að efnahagslegri einingu sem heldur einkennum sínum, sbr. 4. tl. 2. gr. Það fer þó eftir mati á atvikum hverju sinni hvort um aðilaskipti er að ræða í skilningi laganna. Gildir það hvort heldur um er að ræða sölu eða leigu á fyrirtæki eða hluta fyrirtækis. Meginatriðið er hvort



**Hrafnhildur
Stefánsdóttir**

hrl.

Eins og leiða má af þessari samantekt stafa breytingar á vinnuréttarreglum hér á landi nú aðallega frá gerðum ESB.

vinnuveitendaskipti hafi átt sér stað, þ.e. nýr aðili sé orðinn lagalega ábyrgur fyrir starfseminni og hvort fyrirtækið, eða sá hluti þess sem framseldur hefur verið, heldur áfram rekstri á sama eða svipaðan hátt og áður.

Í greinargerð með lögnum er að finna ítarlegar skýringar með vísan til dómaframkvæmdar Evrópudómstólsins og umfjöllunar EFTA-dómstólsins. Meginviðmiðið er, sem fyrr segir,

hvort fyrirtækið haldi einkennum sínum. Þar skiptir máli að hve miklu leyti reksturinn er sambærilegur fyrir og eftir aðilaskiptin. Í því sambandi þarf m.a. að skoða hvort atvinnureksturinn sé framseldur sem starfhæf eining. Það sem framselt er þarf að vera varanleg efnahagsleg eining, sem skipulögð er til að hafa með höndum starfsemi í ákveðnum tilgangi, og takmarkist ekki við framkvæmd eins tiltekins verkefnis. Við mat á því hvort sú eining haldi einkennum sínum verður að líta heildstætt til þess hværrar tegundar fyrirtækis er, hvort áþreifanleg verðmæti eru framseld, svo sem fasteignir eða lausafé, hvers virði óhlutbundin verðmæti eru við framsalið, hvort meirihluti starfsmanna flyst til nýja vinnuveitandans og hvort framsalshafi haldi viðskiptatengslum framseljanda. Vísast í þessu sambandi til dóma Hæstaréttar í málum nr. 435/2002 og 344/2004 en í báðum þessum málum var því hafnað að aðilaskiptalögin ættu við. Samanber hins vegar mál nr. 165/2002 og 375/2004.

Tilgangur laganna er að gera starfsfólki kleift að starfa áfram með sömu skilyrðum og giltu gagnvart fyrri vinnuveitanda. Þannig færast réttindi og skyldur framseljanda samkvæmt ráðning-

arsamningi sem er í gildi á þeim degi sem aðilaskipti eiga sér stað yfir til framsalshafa. Hæstiréttur hefur þó ekki talið að réttur til ógreiddra launa fyrir aðilaskiptin yrði byggður á aðilaskiptalögnum, sbr. mál nr. 375/2004. Uppsagnarréttur vinnuveitanda er takmarkaður nema til þess séu efnahagslegar, tæknilegar eða skipulagslegar ástæður, sam- anber dóm Hæstaréttar í máli nr. 195/2001. Nýi vinnuveitandinn á að öðru leyti sama rétt og hinn fyrri. Auk þess er kveðið á um að veita skuli trúnaðarmönnum starfsmanna tiltekna upplýsingar varðandi aðilaskiptin.

Lög um tímabundna ráðningu starfsmanna

Lögnum er ætlað að veita tímabundið ráðnum starfsmönnum vernd gegn mismunun. Slíkur starfsmaður skal hvorki njóta hlutfallslega lakari starfskjara né sæta lakari meðferð en sambærilegur starfsmaður með ótímabundna ráðningu nema það sé réttlæt看legt á grundvelli hlutlægra ástæðna. Í öðru lagi setja lögin skörður við endurteknum framlengingum eða endurnýjunum tímabundinna ráðningarsamninga. Almenna reglan er að samningur sem þannig er framlengdur má að hámarki vara í tvö ár nema annað sé tekið fram í lögum. Aðeins reynir þó á hámarkstímann ef samningurinn er framlengdur eða endurnýjaður innan þriggja vikna frá lokum gildistíma eldri samnings. Semja má um frávik frá þessum reglum í kjarasamningi. Að auki er kveðið á um það í lögnum að vinnuveitandi skuli þó ávallt leitast við að ráða starfsmenn ótímabundið. Þetta ákvæði á sér ekki beina fyrirmynd í tilskipun nr. 1999/70/EB sem innleidd er með lögnum. Skoða verður það sem áréttingu á þeirri framkvæmd sem tíðkast hefur að ótímabundin ráðning sé meginreglan enda er í greinargerð með frumvarpinu að lögnum vísað til mikilvægis þess að lögin breyti því ekki.

Vinnuveitanda er einnig gert að veita tímabundnum starfsmönnum upplýsingar um störf sem losna innan fyrirtækis og leitast við að greiða fyrir aðgangi þeirra að starfsmenntun og starfsþjálfun. Þá skal vinnuveitandi einnig leitast við að veita trúnaðarmönnum upplýsingar um tímabundnar ráðningar.

Lög um starfsmenn í hlutastörfum

Markmið laganna, sem byggja á tilskipun nr. 97/81/EBE um hlutastörf, er að koma í veg fyrir að starfsmenn sæti mismunun. Greiða skal fyrir því að starfsmenn eigi kost á hlutastörfum og sveigjanlegri vinnutilhögun þannig að tekið sé tillit til þarfa

atvinnurekanda jafnt sem starfsmanna. Lögin gilda um þá starfsmenn sem ekki njóta þeirra lágmarksréttinda sem tilskipunin kveður á um samkvæmt kjarasamningi. Þau eiga því ekki við um þá sem kjarasamningur SA og ASÍ um hlutastörf frá 2002 tekur til en ákvæði hans eru í meginatriðum samsvarendi ákvæðum laganna.

Samkvæmt lögnum skulu starfsmenn í hlutastörfum ekki njóta hlutfallslega lakari kjara eða sæta lakari meðferð en sambærilegir starfsmenn í fullu starfi nema slíkt sé réttlæt看legt á grundvelli hlutlægra ástæðna. Vinnuveitandi skal jafnframt leitast við að taka tillit til óska starfsmanns um breytingar á starfshlutfalli og auðvelda aðgang að hlutastörfum, þar á meðal að sérhæfðum störfum og stjórnunarstörfum. Vinnuveitandi skal einnig leitast við að veita upplýsingar um laus störf, greiða fyrir aðgangi starfsmanna í hlutastörfum að starfsmenntun og veita trúnaðarmönnum upplýsingar um hlutastörf á vinnustað.

Rétt er að vekja athygli á að lögin takmarka að vissu leyti uppsagnarrétt vinnuveitanda. Það telst ekki eitt og sér gild ástæða uppsagnar að starfsmaður neiti að fara úr fullu starfi í hlutastarf eða öfugt. Uppsögn er þó ekki andstæð lögnum ef hún er í samræmi við lög, kjarasamninga eða venju og stafar af öðrum ástæðum, svo sem rekstrarþörfum viðkomandi fyrirtækis eða stofnunar.

Nýjar reglur á döfnni

Ofangreind upptalning er ekki tæmandi. Aðilar vinnumarkaðarins í Evrópu hafa t.d. gert samning um fjarvinnu starfsmanna og annan um vinnutengda streitu. Þá standa yfir viðræður milli aðildarsamtaka vinnumarkaðarins hér á landi um innleiðingu reglna tilskipunar ESB um almennan ramma um upplýsingamiðlun til launamanna í fyrirtækjum og samráð við þá, nr. 2002/14/EBE, með kjarasamningum.

Lokaorð

Eins og leiða má af þessari samantekt stafa breytingar á vinnuréttarreglum hér á landi nú aðallega frá gerðum ESB. Þessum gerðum má almennt hrinda í framkvæmt hvort heldur með lögum eða kjarasamningum, sbr. hér að framan. Lögmenn sem fást við að því er virðist einföld vinnuréttarmál standa í auknu mæli frammi fyrir lagareglum sem byggja á Evrópurétti og eru túlkaðar með hliðsjón af dómum EFTA-dómstólsins og Evrópuðómstólsins.

Fréttir frá félagsdeild

ÁRSHÁTÍÐIN

Nú er árshátíðin á næsta leyti og lögmennt sjálfsgaft búið að láta snyrta hár sitt og skegg fyrir þá miklu hátíð, nú eða láta líma á sig gervineglur, lita hárið, fara í húðhreinun, brjóstastækkun, fitusog og söngtíma. Þetta er a.m.k. það sem við á skrifstofunni erum að fást við þessa dagana en ekki verður upplýst hver er að gera hvað! Árshátíðin verður haldin á Hótel Sögu að þessu sinni. Skemmtiatriði verða í höndum Arnar Árnasonar leikara og væntanlega mun djassband lögmanna troða upp eins og síðast. Sálin hans Jóns míns mun leika fyrir dansi í lokin og vonandi heppnast hátíðin vel eins og venjulega.

LÖGMANNALISTINN

Á heimasíðu lögmannafélagsins er LÖGMANNALISTINN en þar gefst almenningi kostur á að leita að lögmanni eftir málaflokkum. Eins og fyrr hefur komið fram er listinn nú á ný tungumálum og bæklingi hefur verið dreift víða sem kynnir þjónustuna á öllum þessum tungumálum en hann hefur auk þess fengið all nokkra kynningu í fjölmiðlum. Þeir lögmenn sem vilja kynna sér hvernig listinn virkar er bent á að fara



Eyrún Ingadóttir

á heimasíðu félagsins. Lögmenn greiða aðeins kr. 1600,- fyrir hvern yfirflokk sem þeir eru skráðir fyrir svo kynningin á þjónustu þeirra er ekki kostnaðarsöm. Talning á heimasíðu félagsins sýnir að undanfarið hafa yfir 8000 manns heimsótt hana á mánuði og flestir eru í leit að lögmanni.

NÁMSKEIÐ VORANNAR

Námskeið vorannar eru tólf talsins að þessu sinni og eru þau auglýst á öðrum stað í blaðinu. Sem endranær er reynt að blanda saman fræðslu og skemmtun og nú þegar hafa tvö námskeið í síðari flokknum verið haldin. Skotfiminámskeið var haldið í byrjun þorra en það endaði með gríðarlega spennandi skotkeppni. Allir komust þó lífs af. Böðvar Guðmundsson rithöfundur hélt stutt námskeið um vesturfarana í febrúar sem var mjög fróðlegt. Tvö námskeið hafa nú þegar verið haldin fyrir starfsfólk lögmennsstofa, annað í símsvörun og hitt í skjalavörslu en fagnámskeið vetrarins verða um gerð örorkumats, skipti dánarbúa, stjórnskipulag hlutafélaga, alþjóðlegan einkamálarétt, undirbúning málshöfðunar og samruna fyrirtækja. Tvö áður auglýst námskeið hafa verið flutt til um daga vegna óviðráðanlegra aðstæðna en vonandi hefur það ekki komið að sök.

Norrænir laganemar flytja mál um neikvætt félagafrelsi



Ove Bring prófessor færir Sif Konráðsdóttur hrl., formanni Club Lögberg þakkir í Hæstarétti í júní 2004. Elisabet Fura-Sandström dómari við Mannréttindadómstól Evrópu og hluti íslenska sigurliðsins í bakgrunni.

ELLEFTA grein Mannréttindasáttmála Evrópu er viðfangsefni 21. Norrænu málflytningakeppninnar en í júní n.k. munu 6 íslenskir laganemar úr HÍ keppa í málflytningu í Eystri Landsrétti og Hæstarétti Dana. Málið varðar danskan garðyrkjumann sem skyldaður er til aðildar að stéttarfélagi. Þegar félagsgjöld eru hækkuð í tengslum við stuðning stéttarfélagsins við tiltekinn stjórnmalaflokk, er garðyrkjumanninum nóg boðið og leitar úrlausnar Mannréttindadómstólsins. Þessi atvik eru að sjálfsögðu tilbúningur en eiga sér hliðstæðu í dönsku máli sem nú er rekið fyrir Mannréttindadómstólnum. Í fyrra var málflytningakeppnin haldin í Reykjavík en þá fór íslenska liðið með sigur af hólmi í þessari keppni 12 málflytningaklúbba frá öllum Norðurlöndum. Var það í fyrsta sinn sem íslenska liðið komst í úrslit. Keppnistungumálin eru danska, norska og sænska.

Breytingar á félagatali

Allar breytingar s.s. ný símanúmer, vefföng, aðsetur og fleira er uppfært á heimasíðu félagsins, www.lmf.is

Nýr vinnustaður:

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Sjóvá – almennar tryggingar hf.
Kringlunni 5
103 Reykjavík
Sími: 440-2000
Fax: 440-2240

Anna Guðrún Árnadóttir, hdl.

Íslandsbanki - lögfræðideild
Kirkjusandi
155 Reykjavík
Sími: 440 4594
Fax: 440 4595

Sölvi Sölvason hdl.

KB banki
Borgartúni 19
105 Reykjavík
Sími: 444-6195
Fax: 444-6189

Bjarnveig Eiríksdóttir hdl.

Taxis
Laugavegur 182
105 Reykjavík
Sími: 555 6054
Fax: 555 6045

Margrét Gunnarsdóttir hdl.

Landsbanki Íslands hf. -
lögfræðiráðgjöf
Hafnarstræti 7
155 Reykjavík
Sími: 410-7747
Fax: 410-3009

Hulda Elsa Björgvinsdóttir hdl.

Fides lögmannsstofa
Laugavegi 182
108 Reykjavík
Sími: 534-2600
Fax: 555-6045

Herdís Hallmarsdóttir hdl.

Fides lögmannsstofa
Laugavegi 182
108 Reykjavík
Sími: 534-2600
Fax: 555-6045

Guðrún Björg Birgisdóttir

Fides lögmannsstofa
Laugavegi 182
108 Reykjavík
Sími: 534-2600
Fax: 555-6045

Nýtt aðsetur:

Hjördís E. Harðardóttir hdl.

Acta lögmannsstofa
Síðumúla 35
108 Reykjavík
Sími: 533-3200
Fax: 533-3201

Ragnheiður Bragadóttir hdl.

Acta lögmannsstofa
Síðumúla 35
108 Reykjavík
Sími: 533-3200
Fax: 533-3201

Oddný Mjöll Arnardóttir hdl.

Acta lögmannsstofa
Síðumúla 35
108 Reykjavík
Sími: 533-3200
Fax: 533-3201

Ingibjörg Elíasdóttir hdl.

Skipagötu 16, 2. hæð
600 Akureyri
Sími: 562-5919
Fax: 455-1401

Karl Axelsson hrl.

Lex – Nestor
Sundagörðum 2
104 Reykjavík
Sími: 590-2600
Fax: 590-2606

Heimir Örn Herbertsson hdl.

Lex – Nestor
Sundagörðum 2
104 Reykjavík
Sími: 590-2600
Fax: 590-2606

Eiríkur Þorláksson hdl.

Lex – Nestor
Sundagörðum 2
104 Reykjavík
Sími: 590-2600
Fax: 590-2606

Rúna S. Geirsdóttir hdl.

Skipholti 5
105 Reykjavík
Sími: 517-1030
Fax: 517-1031

Sigurður Guðmundsson hdl.

Stórhöfða 17
110 Reykjavík
Sími: 545-4100

Guðjón Ægir Sigurjónsson hdl.

Austurvegi 38
800 Selfoss

Sími: 482-2299

Fax: 482-2229

Óskar Sigurðsson hdl.

Austurvegi 38
800 Selfoss
Sími: 482-2299
Fax: 482-2229

Guðmundur Þórðarson hdl

Remax, Mjódd
Þönglabakka 1
110 Reykjavík
Sími: 520-9550
Fax: 520-9551

Gestur Jónsson hrl.

Mörkin lögmannsstofa hf.
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík
Sími: 414-4104
Fax: 414-4101

Gísli Guðni Hall hdl.

Mörkin lögmannsstofa hf.
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík
Sími: 414-4104
Fax: 414-4101

Gunnar Jónsson hrl.

Mörkin lögmannsstofa hf.
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík
Sími: 414-4104
Fax: 414-4101

Hörður Felix Harðarson hrl.

Mörkin lögmannsstofa hf.
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík
Sími: 414-4104
Fax: 414-4101

Margrét Einarsdóttir hdl.

Mörkin lögmannsstofa hf.
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík
Sími: 414-4104
Fax: 414-4101

Ragnar H. Hall hrl.

Mörkin lögmannsstofa hf.
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík
Sími: 414-4104
Fax: 414-4101

Páll Ólafsson hdl.

Lögmannsstofa Páls Ólafssonar
Bankastræti 5
101 Reykjavík
Sími: 552-7855
Fax: 468-5569

Ábyrgð lögmanna og vistun rafrænna trúnaðarupplýsinga

Fáar starfsstéttir eiga eins mikið undir trúnaði við sína umbjóðendur og lögmenn. Í 22 gr. laga nr. nr. 77/1998 segir að „Lögmaður ber þagnarskyldu um hvaðeina sem honum er trúað fyrir í starfi sínu. Starfsmaður lögmanns er einnig bundinn þagnarskyldu um slík trúnaðarmál sem hann kann að komast að vegna starfa sinna.“ Segja má að ef ekki liggur fyrir fullt traust milli lögmanns og umbjóðanda hans, eða þá viðkomandi sé ekki treyst til að fara með trúnaðarupplýsingar af öðrum lögmönnum, þá sé vegið að starfsgrundvelli viðkomandi lögmanns.

Það er því ekki ofsögum sagt að öryggi trúnaðarupplýsinga ætti að vera fyrsta forgangsmál hjá lögmönnum en spurning er hvort svo sé í raun og veru. Í dag eru nánast allar upplýsingar um umbjóðendur lögmanna og mál þeirra vistuð á rafrænu formi en það eykur mjög skilvirkni og hagkvæmni varðandi feril þeirra.

Það breytir hinsvegar engu varðandi laga-skyldu lögmanna gagnvart umbjóðendum sínum að gögn séu vistuð rafrænt og þó að framkvæmd þess öryggis sé falið tölvusérfræðingum þá yfirfærast ekki ábyrgð lögmanna með því. Það hljómar ekki vel að þurfa að útskýra fyrir umbjóðanda að skaðlegar upplýsingar um hann séu komnar út um allt vegna þess að einhver braust inn í tölvukerfið og stal þeim. Hverju mundi það breyta fyrir samband viðkomandi lögmanns og umbjóðanda hans?

Segja má að vandi lögmanna liggja í því að lagaskyldan sé klárlega á þeirra herðum en vegna forms upplýsinganna sé framkvæmd þess öryggis í raun undir forsjá annarra. Spurningin er þá sú hvort þetta sé ásættanlegt ástand og þá hvort einhver ástæða sé til að breyta til eða þá



**Guðjón Viðar
Valdimarsson**

M.Sc.

hvort í raun einhver möguleiki sé á því.

Segjum svo að eftir lestur þessarar greinar myndi einn lögmaður vista allar sínar trúnaðarupplýsingar á staðardrifi í ónettengdri tölvu á skrifstofu sinni. Það er þó ekki víst að öryggi upplýsinga batni mikið við það því gögnum á netdrifum eða miðlægum kerfum er ekki hættara við innbrotum.

Heppilegast væri ef til væri leið til að breyta formi gagna þannig að trúnaðarupplýsingar væru ólæsilegar

öllum nema þeim sem hefðu lykil til að umbreyta þeim í læsilegt form. Þá væri vistun gagna ekki lengur aðalatriði heldur það að tryggja reglulegt afrit gagna og það er eitthvað sem viðkomandi lögmaður getur gengið úr skugga um án sérstaks tæknilegs bakgrunns.

Í dag er þetta hægt með því að vista gögn á dulkóðuðu formi en þá skiptir ekki máli hver er með aðgang að þeim gögnum. Núverandi staðall hjá bandaríska varnarmálaráðuneytinu kallast AES (Advanced Encryption Standard) og gögn vistuð á því formi nota allt að 256 bita dulkóðun. Það er nánast ógerlegt að brjótast inn í slík gögn og þar að auki er mögulegt að setja kerfið upp þannig að viðkomandi lögmaður sé með eiginlegan lykil að gögnum sínum sem handhafi dulmálslykilsins.

Öll dulkóðuð gögn byggja á dulmálslyklum til vistunar og endurheimtu og ef þessir lykjar eru vistaðir á tölvulyklum (USB), snjallkortum eða öðrum slíkum miðlum þá er viðkomandi lögmaður með fulla stjórn á öryggi viðkomandi gagna og ábyrgð þagnarskyldu og framkvæmd hennar fer betur saman.

Venjulega er aðgangur að þessum dulkóðuðu gögnum ekki

Séu gögn vistuð á dulkóðuðu formi er ólíklegt að nokkur geti opnað þau...

einungis tryggður með að vera handhafi tölvulykils sem inniheldur réttu dulmálslyklana, heldur þarf viðkomandi að vita tiltekin aðgangsorð.

Þetta form aðgangs er kallað tveggja þátta aðgangskerfi (two factor authentication) og er ekki bara notað við auðkenningu til að nálgast gögn heldur líka til auðkenningar inn á margvísleg tölvukerfi eins og vefpóst og sýndareinkanet (virtual private network, VPN).

Sú tækni sem notast við að dulkóða vistuð gögn er hins vegar ekki nauðsynlega sú tækni sem heppilegust er við sendingu á trúnaðarupplýsingum til umþjóðanda eða annarra aðila. Samskipti af þessu tagi eru oftast en ekki með tölvupósti og í sjálfu sér er ekkert að því ef réttum aðferðum er beitt til að vernda gögnin.

Þó má segja að ef um er að ræða sendingar á trúnaðarskjölum í tölvupósti þá sé um sama

grundvallar vandamál að ræða og við vistun skjala. Þá er ekki nauðsynlega aðgangur að skjölunum sem er vandamál heldur form þeirra. Séu gögn vistuð á dulkóðuðu formi er ólíklegt að nokkur geti opnað þau en tæknin sem er notuð til að senda dulkóðuð skjöl í tölvupósti gerir einnig ráð fyrir því að einungis réttur viðtakandi geti opnað þau.

Sú tækni sem beitt er í dag varðandi þessa tegund samskipta heitir dreifilyklaaðferð (public key infrastructure). Þessi tækni gerir viðkomandi lögmanni kleift að senda trúnaðarskjöl í tölvupósti á dulkóðuðu formi og vera þess fullviss að þau komi til rétts viðtakanda og einungis hann geti opnað gögnin. Einnig getur viðtakandi verið þess fullviss að sendandi sé sá sem hann segist vera.

Höfundur er framkvæmdastjóri Dulkóðun Islandia (www.dulkodun.is)

Keilumót lögmanna og endurskoðenda

ÞANN 10. febrúar sl. tók Félag kvenna í endurskoðun áskorun Félags kvenna í lögmennsku um að keppa í keilu. Reglur keppinnar voru einkar ítarlegar og með miklu sögulegu ívafi en þær eru birtar á vefsvæði FKL þar sem einnig má finna myndir úr keppninni og öðru starfi félagsins.

Keppt var á fjórum brautum og mættu níu endurskoðendur til leiks en sjö lögmenn. Æsispennandi viðureign var við kúlur og keilur og verður að segjast að yngri konur í lögmennsku áttu þar betri leik en þær eldri en Ásdís Kjerúlf hdl. átti besta einstaklingsskorið. Að lokinni keppni

var afar óljóst hvort liðið hefði unnið. Veitingasalur á Hótel Holti var leigður til að endurskoðendur gætu beitt reynslu sinni og þekkingu í reikningskúntum. Eftir neyslu matar og drykkjar tilkyntu þeir að lögmenn hefðu sigrað og var þeim afhentur farandbikar! Hann mun nú vera eina eign Félags kvenna í lögmennsku. Víst er að framhald verður á þessum síð félaganna enda munu endurskoðendur ekki geta unnt okkur þess að hafa bikarinn til eilíðar.

Sif Konráðsdóttir



Vala Valtýsdóttir hdl. segir Bjarnveigu Eiríksdóttur hdl. til.



Anna Þórðardóttir löggiltur endurskoðandi átti veg og vanda að skipulagningu keppinnar. Hér sést hún í sveiflu og einbeitningin leynir sér ekki!

Úps... ég hitt! Gæti Bjarnveig verið að hugsa!





... ekki fara í fríið



Securitas
öryggi

með áhyggjur af heimili og bíl

Þú vinnur allt í senn öryggi, þægindi og velliðan þegar þú tryggir þér Securitas öryggi áður en þú ferð í fríið. Auk þess sem þú gætir sparað þér stórfé vegna tjóns.

- Bíllinn verður í öruggri varðveislu í Leifsstöð og þú getur stigið upp í hann tandurhreinan við heimkomu.
- Heimili þitt nýtur gæslu gegn innbrotum, leka eða bruna.

Tryggðu þér Securitas öryggi

Eitt símtal núna, síminn er 580 7000 og við gerum okkar til þess að þú njótir góðrar ferðar.



A man in a dark suit and tie is walking through a library, looking down at an open book he is holding. The shelves are filled with books, and the lighting is warm and focused on the man.

Er þín starfsemi tryggð?

Þú færð starfsábyrgðartryggingu lögmanna hjá VÍS sem býður fjölbreytt úrval váttrygginga fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Samkvæmt lögum nr. 77/1 998 þurfa lögmenn að hafa starfsábyrgðartryggingu. Tryggðu þína ábyrgð og hringdu í síma **560 5060**. Þar færðu allar nánari upplýsingar.



Ármúla 3, 108 Reykjavík • sími 560 5060 • www.vis.is